

Nefndasvið Alþingis.
Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Alþingi
Erindi nr. P 141/829
komudagur 4.12.2012

Undirritaður er beðin í pósti 26. nóvember 2012 að senda inn umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum, og lögum um almennan frídag 1. maí, nr. 39/1966 (færsla frídaga að helgum). Flm. Róbert Marshall.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi: „*Veita skal frídaga vegna uppstigningardags og sumardagsins fyrsta næsta föstudag eftir þann dag sem þá ber upp á, nema um annan hátíðisdag sé að ræða og skal þá veita frí miðvikudaginn á undan. Beri jóladag, annan í jóhum, nýársdag og 17. júní upp á helgi skal veita frídag næsta virkan dag á eftir. Þá skal halda 1. maí hátíðlegan sem frídag verkamanna fyrsta mánudag í maí, sbr. lög um almennan frídag vegna frídags verkamanna 1. maí.*“

Í greinargerð stendur m.a. : „*Með lögum þessum eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi frídaga á Íslandi. Áður hafa verið lagðar fram þingsályktunartillögur þar sem lagt hefur verið til að flytja það frí sem fólk hefur fengið á sumardaginn fyrsta, uppstigningardag og verkalyósdaginn frá þeim fimmtudegi sem daginn ber upp á og yfir á föstudag eða mánudag þar á eftir. Vilji þjóðarinnar hefur verið kannaður nokkrum sinnum á liðnum árum og oft verið mikil fylgni við það að breyta fyrirkomulaginu í samræmi við það sem lagt er til í frumvarpi þessu. Með frumvarpinu er ekki verið að leggja til að helgi eða hefð viðkomandi daga sé færð, breytt eða rýrð heldur eingöngu að það frí sem þeim fylgir sé fært til hagræðis fyrir launþega, fjölskyldur þeirra og atvinnurekendur. Stakir frídagar eru á margan hátt óheppilegir á vinnustöðum. Þeir skapa óhagræði og draga úr framleiðni. Á sama hátt nýtist stakur frídagur launþegum ekki nema að nokkru leyti, með vinnudag á undan og eftir. Það fyrirkomulag sem hér er lagt til ætti því að auka möguleika launþega á að nýta það frí sem þeir fá með lengri helgi, er fjölskylduvænna fyrirkomulag og er til hagræðis fyrir atvinnurekendur.*“

Í flestum nágrannalanda Íslands er fyrir allmörgum áratugum búið að færa umrædda frídaga yfir í samskonar fyrirkomulag og lagt er til í frumvarpinu. Hraðari og umfangsmeiri iðnvæðing í öðrum löndum er næsta örugglega ástæðu þess að Ísland hefur ekki fylgt þeim í þessu. Það er fyrst nú á undanförmum tveim áratugum, sem þetta mál hefur áberandi í umræðunni. Þá eru það ekki síður launamenn en fyrirtækin, sem hafa bent á að stakir frídagar nýtast oft illa fyrir fjölskylduna og eins að þeir séu að glata frídögum falli þeir saman við helgar.

Stakir frídagar í miðri viku skapa augljóslega mikið óhagræði í mörgum framleiðslufyrirtækjum, þar sem leggja þarf í mikinn kostnað við að keyra tæki niður, þrifa þau og keyra svo upp aftur, jafnvel fyrir einn dag. Þar má sérstaklega benda á fimmtudagsfríin á vorin. Þetta hefur leitt til þess að mörg fyrirtæki hafa nú þegar samið við starfsmenn sína um tilflutning á frídögum og eru heimildir til þess að allmörgum kjarasamningum. En í þessu máli þarf allur vinnumarkaðurinn að vera samtengdur. Það er óhöndugt fyrir fjölskyldufólk að þurfa að vinna þegar leikskólar/skólakerfið er í frí og svo öfugt.

Í þessu sambandi er þörf á að benda Alþingi á samskonar óhagræði sem ósamræmi í vetrarfríum skóla og leikskóla veldur mörgum fjölskyldum.

Þessi breyting sem lagt er til í frumvarpinu er þörf og tiltölulega auðveld í framkvæmd, þ.e.a.s. ef breytingin nær samtímis yfir allan vinnumarkaðinn.

Reykjavík 4. desember 2012

Virðingarfyllst

Guðmundur Gunnarsson

Fyrrv. formaður Rafiðnaðarsamband Íslands